

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/4/EB

frá 27. janúar 1997

um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda⁽¹⁾, einkum c-lið 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr. og 7. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum⁽⁴⁾, með tilliti til sameiginlega textans sem sáttanefndin samþykkti 16. október 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með skírskotun til markmiða innri markaðarins ber einnig að leyfa notkun hefðbundins heitis í aðildarríkinu, þar sem framleiðsla vöru fer fram, fyrir vörur sem selja á í öðru aðildarríki.

Bæta ber enn frekar reglur um merkingar með tilliti til nákvæms eðlis og einkenna vara í þeim tvíþætta tilgangi að veita neytendum gagnlegri upplýsingar og tryggja góða viðskiptahætti.

Í samræmi við reglur sáttmálans gilda almennar reglur um merkingar í 2. gr. einnig um ákvæði sem gilda um vöruheiti, meðal

annars sú meginregla að merkingarnar skuli ekki vera þess eðlis að þær villi um fyrir neytendum að því er varðar eiginleika matvælananna.

Dómstóll Evrópubandalaganna hefur felld nokkra úrskurði þar sem hann mælir með ítarlegum merkingum, einkum lögboðnum viðeigandi merkimiðum þar sem eðli söluvöru er tilgreint. Þessar aðgerðir, sem gera neytendum kleift að byggja val sitt á alhliða þekkingu á vörunni, eru vel við hæfi þar eð þær stuðla að fæstum hindrunum í fríverslun.

Það er hlutverk löggjafa bandalagsins að samþykka ráðstafanir byggðar á þessum fordæmisrétti.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 79/112/EBE:

1. Á eftir sjöttu forsendu formálsorðanna er eftirfarandi forsendu skotið inn:

„Með þessari nauðsyn er átt við að aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við reglur sáttmálans, að setja fram kröfur varðandi tungumál.“

2. Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 3. gr.:

„2a) magn tiltekinna innihaldsefna eða flokka innihaldsefna eins og kveðið er á um í 7. gr.“

3. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 5. gr.:

„1. Það heiti sem matvælin eru seld undir skal vera það heiti sem ákvæði Evrópubandalagsins, sem gilda um þau, segja til um.

a) Vanti ákvæði Evrópubandalagsins skal það heiti sem vara er seld undir vera það heiti sem kveðið er á um í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkinu þar sem varan er seld neytendum eða stórelldhúsum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttf. EB nr. L 43, 14. 2. 1997, bls. 2, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/98 frá 29. maí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttf. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/102/EB (Stjttf. EB nr. L 291, 25. 11. 1993, bls. 14).

(2) Stjttf. EB nr. C 122, 14. 5. 1992, bls. 12 og Stjttf. EB nr. C 118, 29. 4. 1994, bls. 6.

(3) Stjttf. EB nr. C 332, 16. 12. 1992, bls. 3.

(4) Álit Evrópuþingsins frá 27. október 1993 (Stjttf. EB nr. C 315, 22. 11. 1993, bls. 102), sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. júní 1995 (Stjttf. EB nr. C 182, 15. 7. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 25. október 1995 (Stjttf. EB nr. C 308, 20. 11. 1995, bls. 30). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. desember 1996 og ákvörðun ráðsins frá 10. janúar 1997.

Vanti slíkt heiti skal það heiti sem varan er seld undir vera hefðbundið heiti í aðildarríkinu, þar sem matvælin eru seld til neytenda eða stóreldhúsa, eða sú lýsing á þeim, og ef þörf krefur á notkun þeirra, sem er nógu nákvæm til að kaupandinn fái rétta hugmynd um eðli matvælna og geti greint þau frá öðrum vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir.

- b) Einnig er heimilt að nota vöruheiti, sem varan er löglega framleidd og markaðssett undir í aðildarríkinu þar sem hún er framleidd, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram.

Komi beiting annarra ákvæða þessarar tilskipunar, einkum þeirra sem fram koma í 3. gr., í veg fyrir að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái rétta hugmynd um eðli matvælna og geti greint þau frá vörum, sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir, skulu vöruheitinu fylgja frekari upplýsingar sem birta ber hjá því.

- c) Í undantekningartilvikum skal ekki nota vöruheiti aðildarríkisins, þar sem framleiðsla fer fram, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram ef matvælin, sem það auðkennir, eru svo frábrugðin þeim sem eru þekkt undir sama heiti, að því er varðar samsetningu eða framleiðslu, að ákvæði b-liðar eru ófullnægjandi til þess að tryggja sé að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái réttar upplýsingar.“

4. Eftirfarandi komi í stað c-liðar 2. mgr. 6. gr.:

„c) vörur gerðar úr einu innihaldsefni:

- þar sem viðskiptaheitið er hið sama og heiti innihaldsefnisins, eða
- þar sem viðskiptaheitið gefur eðli innihaldsefnisins til kynna á skýran hátt.“

5. Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar b-liðar 5. mgr. 6. gr. (tilskipun 79/112/EBE):

„- þarf aðeins að tákna innihaldsefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í I. viðauka og eru innihaldsefni í öðrum matvælum, með heiti þess flokks.

Heimilt er að gera breytingar á flokkaskránni í I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr.

Heitinu „sterkjur“, sem er talið upp í I. viðauka, skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á að í þessu innihaldsefni sé glúten.“

6. Eftirfarandi komi í stað annars undirliðar b-liðar 5. mgr. 6. gr. (tilskipun 79/112/EBE):

„- skulu innihaldsefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í II. viðauka, táknuð með heiti þess flokks og á eftir skal koma sérheiti eða EBE-númer; ef innihaldsefni heyrir undir fleiri en einn flokk skal tilgreina flokkinn sem gegnir meginhlutverki þar sem umrædd matvæli eru annars vegar.

Breytingar á þessum viðauka, byggðar á framförum í vísinda- og tækniþekkingu, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 17. gr.

Heitinu „umbreyttar sterkjur“, sem er talið upp í II. viðauka, skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á að í þessu innihaldsefni sé glúten.“

7. Eftirfarandi komi í stað 7. gr.:

„7. gr.

1. Tilgreina ber magn innihaldsefnis eða flokk innihaldsefna, sem er notað við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla, í samræmi við þessa grein.

2. Ábendingin, sem um getur í 1. mgr., er lögboðin:

a) ef viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna kemur fram í því heiti sem matvælin eru seld undir eða neytendur eru vanir að tengja það/hann við sama heiti; eða

b) ef viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna er dreginn fram í merkingunni með orðum, myndum eða grafískri framsetningu; eða

c) ef viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna er nauðsynlegur til að einkenna matvæli eða greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir vegna nafngiftar þeirra eða útlits; eða

d) í þeim tilfellum sem eru ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki:

a) um innihaldsefni eða flokk innihaldsefna:

- sem um gildir að nettóþyngd án lagar er gefin upp í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr., eða

- sem um gildir að þess er krafist að magn sé uppgæfið á merkingum samkvæmt bandalagsákvæðum,

- sem er notaður í litlu magni sem bragðefni,

- sem þrátt fyrir að koma fram í því heiti sem matvælin eru seld undir hefur ekki afgerandi áhrif á val neytenda í landinu, þar sem markaðssetning fer fram, af þeirri ástæðu að sveiflur í magni eru of lítilvægar til þess að einkenna matvælin eða greina þau frá líkum vörum. Í vafatilvikum ber að beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 17. gr., til að ákveða hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessum undirlið, er fullnægt;

b) ef sérstök bandalagsákvæði mæla fyrir um nákvæmt magn innihaldsefnis eða flokk innihaldsefna án þess að kveða á um að slíkt sé gefið til kynna í merkingum;

c) í þeim tilvikum sem um getur í fjórða og fimmta undirlið a-liðar 5. mgr. 6. gr.;

d) í þeim tilvikum sem eru ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

4. Magnið sem greint er frá, gefið upp sem hundradshluti, skal samsvara magni innihaldsefnisins eða innihaldsefnanna þegar gripið er til notkunar þess/þeirra. Bandalagsákvæði geta þó heimilað að vikið sé frá þessari meginreglu að því er varðar tiltekin matvæli. Samþykking ber slík ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

5. Ábendingin, sem um getur í 1. mgr., komi fram annaðhvort næst á eftir því heiti sem matvælin eru seld undir eða á eftir innihaldslýsingu í tengslum við innihaldsefnið sem um ræðir.

6. Ákvæði þessar greinar gilda með fyrirvara um bandalagsreglur um merkingu næringarinnihalds matvæla.“

8. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„13. gr. a

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja að sala matvæla á yfirráðasvæði þeirra sé bönnuð ef upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., eru ekki á tungumáli sem neytendur hafa á valdi sínu, nema aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að upplýsa neytendur með öðrum hætti, sem er ákveðinn í samræmi við málsmeðferðina sem

mælt er fyrir um í 17. gr., um það eða þau atriði sem felast í merkingum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er markaðssett, er heimilt, á yfirráðasvæði sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að fyrrnefndar upplýsingar í merkingum skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála bandalagsins.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. útiloka ekki að upplýsingar í merkingum séu tilgreindar á fleiri en einu tungumáli.“

9. Önnur málsgrein í 14. gr. falli brott.

2. gr.

Aðildarríki skulu, ef þörf krefur, breyta lögum sínum og stjórnslufyrirmælum þannig að þau:

- heimili viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 14. ágúst 1998;

- banni viðskipti með vörur, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 14. febrúar 2000. Þó skal heimila viðskipti með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt ekki séu í samræmi við tilskipun þessa, þar til birgðir eru uppnar.

Aðildarríki skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ZALM

forseti.